

**186. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,
8. febrúar 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fundurinn er haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2102048 - Flóahverfi - atvinnuuppbygging

Atvinnuuppbygging í Flóahverfi.

Alexander Eiríksson, Guðmundur Einarsson og Runólfur Þór Sigurðsson tæknifræðinur kynntu hugmyndir sínar um atvinnuuppbyggingu í Flóahverfi. Skipulags- og umhverfisráð þakkar þeim fyrir góða kynningu.

2. 2012145 - Deiliskipulag Dalbraut Þjóðbraut - breyting á deiliskipulagi

Tillögur til umræðu.

Árni Ólafsson skipulagshöfundur fór yfir drög að breytingum á deiliskipulagi á Dalbraut-Þjóðbraut. Skipulags- og umhverfisráð þakkar góða kynningu og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram ásamt skipulagshöfundi.

3. 2102053 - Deiliskipulag Dalbraut Þjóðbraut - Dalbraut 10 - Fjöliðjan

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna Dalbrautar 10.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til skipulagsbreytingin verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir fasteignaeigendum við Dalbraut 8, 14, 15, 16 17, 19, 21, 23, 25, 27, 29, 31, 33, 35, 37, 39, 41, 43, 45, 47, 49, 51, 53, 55, 57, 59 og Þjóðbraut 9 og 11.

4. 2101298 - Asparskógar 1 - fyrirspurn til byggingarfulltrúa

Fyrirspurn um að heimila svalaganga.

Árni Ólafsson skipulagshöfundur fór yfir minnisblað sitt varðandi fyrirspurn um að heimila svalaganga á Asparskógum 1. Skipulagsfulltrúa ásamt skipulagshöfundi falið að vinna málið frekar fyrir næsta fund ráðsins.

5. 2101295 - Asparskógar 5 - Fyrirspurn til Skipulagsfulltrúa

Fyrirspurn um að heimila svalaganga.

Árni Ólafsson skipulagshöfundur fór yfir minnisblað sitt varðandi fyrirspurn um að heimila svalaganga á Asparskógum 1. Skipulagsfulltrúa ásamt skipulagshöfundi falið að vinna málið frekar fyrir næsta fund ráðsins.

6. 1911181 - Deiliskipulag - Garðabraut 1

Ferli frestað.

Nýr lóðarhafi óskar eftir því að skipulagsferli sem verið hefur í gangi verði frestað. Skipulags- og umhverfissráð óskar eftir því að þeir sem gerðu athugasemdir við deiliskipulagstillöguna verði látnir vita af stöðu málsins.

7. 2008218 - Deiliskipulag Voga - Vogar 17, Flæðilækur

Umsókn um breytingu á deiliskipulagi.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að breytingin verði grenndarkynnt í samræmi við 2.mgr. 43.gr Skipulagslaga nr.123/2010.

Grenndarkynnt verði fyrir Hestamannafélagi Dreyra, sem eru með aðstöðu til hliðar við það svæði sem skipulagsbreyting nær til.

Tekið skal fram að Akraneskaupstaður mun ekki hafa millgöngu um samskipti lóðarhafa og veitna/ON varðandi tengingar lagna inn á svæðið. Allur kostnaður vegna skipulagsbreytingar fellur á lóðarhafa.

8. 2101255 - Atvinnulóðir í Flóahverfi - gjaldskrá

Ívilnun á gatnagerðargjöldum í Flóahverfi.

Lögð fram greinargerð ásamt drögum að samningi er varðar frestun gatnagerðargjalda í Flóahverfi. Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarráð að heimila frestun á greiðslu gatnagerðargjalda í Flóahverfi á grunni ofangreindra gagna.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Sign. (RBS., ÓA., GS., SPH., KJH., HMÁ., HS., SFS.)

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:25.